













PELAMERKURSKÓLI - Á GRÆNNI GREIN

ENDURNÝTING/ ENDURVINNSLA		HOBS VERKEFNI	HÆNUR	MATARSÓUN	VISTHEIMT		NÆRUMHVERFI				
MOLTUGERÐ JÓL Í SKÓKASSA	GRÓÐURSETNING SJÁLFBÆRNI Í LIST- OG VERKGREINUM FLOKKUN	RÆKTUN FRÆJA Í STOFUM MATJURTARGARÐUR	EGG OG UMHIRÐA	FRÆÐSLA OG SJÁLFSKÖMMTUN	NÁMAN	ENDURHEIMT VOTLENDIS	HEIMASVEITIN OKKAR AFMÆLISTRÉ UMHVERFIS- SÁTTMÁLATRÉ UMHVERFISTAFLA				
<u>Tenging við grunnþætti menntunar</u>											
<i>Sjálfbærni; Sköpun; Jafnrétti; Lýðræði og mannréttindi; Heilbrigði og velferð; Læsi</i>		<i>Sjálfbærni; Læsi; Heilbrigði og velferð.</i>	<i>Sjálfbærni; Læsi</i>	<i>Heilbrigði og velferð; Læsi</i>	<i>Sjálfbærni; Heilbrigði og velferð; Læsi; Jafnrétti; Lýðræði og mannréttindi</i>		<i>Sjálfbærni; Læsi, Sköpun, Lýðræði og mannréttindi</i>				
<u>Tenging við Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna</u>											
											
Nemendur í umhverfisnefnd hafa það hlutverk að passa upp á moltukassana, hræra reglulega í þeim og setja í þá stoðefni. Nemendur smíðuðu sjálfir þrjú veglega moltukassa fyrir skólann. Árið 2019 hóf skólinn þátttöku í Jól í skókassa verkefninu að frumkvæði nemenda. Óskilamunir skóla og íþróttahúss, sem til lengri tíma hafa verið gefin til RKÍ eru nú þvegnir, flokkaðir og nýttir til fatagjafa í Jól í skókassa.	Til fjölda ára hafa nemendur séð um gróðursetningu trjáa við skólann, ásamt kennurum sínum. Lögð er áhersla á að nýta efnivið af útiskólasvæði skólans eða úr nærumhverfinu bæði í list- og verkgreina-kennslu auk þess sem nemendur sækja jólatré fyrir skólann ár hvert upp í skóg. Flokkun innan skólans hefur verið til staðar frá upphafi grænfánaverkefnisins og er flokkað í alla helstu endurvinnsluflokka.	Yngstu nemendur skólans tóku ásamt kennurum sínum þátt í Erasmus+ samstarfsverkefni fjögurra landa um gerð námsefnis um lífbreytileika fyrir 5-9 ára börn. Áhersla er meðal annars lögð á að færa ræktunarstarfið inn í ræktun pottaplantna en einnig að auka útikennslu og útiveru. Þátttaka í verkefninu leiddi meðal annars af sér gerð matjurtagarðs við skólann þar sem nemendur rækta t.d. kartöflur, rófur, gulrætur, gulrófur og hnúðkál. Í matjurtagarðinn er notuð molta úr moltugerð skólans.	Nemendur í umhverfisnefnd hafa það hlutverk að gefa hænunum sem búa í skólanum, hreinsa undan þeim og sækja egg. Nemendur bjuggu sjálfir til gerði við hænsnakofann svo hænurnar geti vappað úti.	Með reglulegu millibili á sér stað fræðsla fyrir nemendur um matarsóun og nýtingu matar. Í matsal skólans var árið 2019 innleidd sjálfsskömmun nemenda á öllum mat auk þess sem settur var upp salatbar með afar fjölbreyttu úrvali. Nemendur fylgjast náið með því hve mikið af matarafgöngum fer í lífræna boxið og starfsfólk mótuneytis eykur meðvitund með samtali og rannsóknarvinnu með nemendum um sóun.	Vistheimt með skólum er langtímaverkefni sem skólinn hóf þátttöku í árið 2018. Í verkefninu vinna nemendur og kennarar að því að græða upp gamla malarnámu í nágrenni skólans í samvinnu við sveitarfélagið og Norðurorku, eiganda landsins. Auk uppgræðslu í tilrauna-reitum munu nemendur vinna að uppbyggingu útivistarsvæðis á umræddu svæði. Hugmyndasamkeppni meðal nemenda var grunnur að hönnun svæðisins.	Skólinn hefur síðan árið 2017 verið þátttakandi í langtímaverkefni Landverndar um endurheimt votlendis . Fulltrúar nemenda fara árlega í vettvangsferð á svæði í Öxnadal þar sem unnið er að endurheimt votlendis. Nemendur hafa jafnframt kynnt votlendisverkefnið fyrir samnemendum, starfsfólki og gestum frá Háskólanum á Akureyri, bæði á íslensku og á ensku.	Umhverfisnefnd heldur utanum árleg verkefni sem varða meðal annars nærumhverfi skólans og skólasamfélagið. Heimasveitin okkar er veggverk sem sýnir alla sveitina. Afmælistréð er verk eftir nemendur sem unnið var úr efnivið úr skóginum við skólann og umhverfis-sáttmálatréð er jafnframt unnið úr efnivið nærumhverfisins og er ákveðinn óður til náttúrunnar. Umhverfistafla á nemendagangi skólans er upplýsingatafla um störf umhverfisnefndar.				